

8. fundur stýrihóps um menntastefnu Hafnarfjarðar haldinn á fjarfundi mánudaginn 27. apríl 2020.

Mætt eru: Kristín Thoroddsen, Sigrún Sverrisdóttir, Karólína Helga Símonardóttir, Sigurður Þ. Ragnarsson, Margrét Vala Marteinsdóttir, Arnbjörn Ólafsson, Geir Bjarnason, Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, Vigfús Hallgrímsson og Hrund Apríl Guðmundsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Gestur fundar: Kristinn Hjálmarsson frá Nótera, Kristinn vék af fundi að lokinni kynningu

Mál: Kynning á niðurstöðu vinnustofu með menntaleiðtogum sem haldin var 27. febrúar sl.

Kristinn kynnti með glærusýningu samantekt frá vinnustofunni ásamt stuttu myndbroti frá vinnustofunni. Hrund hefur samband við Kristinn og óskar eftir að fá glæsur sendar ólæstar.

Mál: Niðurstöður vinnustofu

Rætt um málfar og hugtakanotkun í vinnu menntastefnu, lögð er áhersla á að málfar og hugtök séu þannig að þau séu einnig skiljanleg leikmanni, foreldrum og nemendum til að hún muni ná til þeirra sem kynna sér hana. Jafnframt er áhersla lögð á að fram komi í kynningu hverjir komu að þessari vinnu þannig að það sé ljóst að vinna við fyrstu skref menntastefnunnar koma frá skólasamfélagi Hafnarfjarðar; framhaldsskólum, leik- og grunnskólum, hér meðtalin frístundaheimili og Tónlistarskóla. Hrund sendir glæsur frá Kristni til stýrihóps til skoðunar.

Mál: Tímalína

Vegna þeirra takmarkana sem Kórónuveirufaraldur hefur sett allri eðlilegri starfsemi og starfsemi skóla þar með talið, er lögð til ný tímalína vegna vinnu og innleiðingar við menntastefnu. Áhersla er lögð á að halda vel utan um þá vinnu við menntastefnuna sem unnin hefur verið og niðurstöður vinnustofu verði kynntar fyrir menntaleiðtogum á fundi fimmtudaginn 14. maí kl 14.30. Lagt er til að menntaleiðtogar kynni þessar niðurstöður fyrir skólasamfélagi sínum í júní og að vinna haldi áfram á haustönn með skólasamfélagi og öðrum hlutaðeigandi.

Næsti fundur stýrihóps um menntastefnu verður 12. maí kl. 11.00 – 12.00. Fanney sendir fundarboð